



Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 15. júní 2020

Fundurinn hófst kl. 15:45 í Safnahúsinu á Egilsstöðum.

Mætt voru: Anna Margrét Birgisdóttir, Helgi Bragason, Þorbjörg Sandholt, Bára Stefánsdóttir.
Anna stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur og endurskoðunarskýrsla 2019

Endurskoðunarskýrsla lögð fram til kynningar og ársreikningur tekinn til síðari umræðu.

Félag skjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn.

Ársreikningur 2019 undirritaður af stjórn og forstöðumanni.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Áætlun gerir ráð fyrir 5,8 millj. kr. tapi (sama upphæð og reiknuð leiga í Safnahúsi).

Rekstrartekjur verði 36,9 millj. kr. og rekstrargjöld 42,8 millj. kr.

Rekstrarframlög aðildarsveitarfélaga verði 31 millj. kr. og hækki um 5% á milli ára.

Stjórn samþykkir að senda fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 til sveitarfélaganna.

3. Stofnsamningur byggðasamlagsins

Önnur umræða um breytingartillögur sem voru til skoðunar á stjórnarfundum 6. apríl sl.

Stjórn samþykkir að fyrirbyggjandi breytingar á stofnsamningi verði sendar til sveitarfélaganna til skoðunar og umræðu. Gert er ráð fyrir að stofnsamningurinn verði á dagskrá aðalfundar 2020.

4. Önnur mál

Sumarstarfsfólk: Tveir háskólanemar eru í sumarvinnu í Safnahúsi á vegum Fljótsdalshéraðs.

Þær sinna ýmsum verkefnum á Héraðsskjalasafninu en eru einnig á vakt á Bókasafni Héraðsbúa og hjá Minjasafni Austurlands.

Flugdrekasýning: Sýning eftir Guy Stewart verður opnuð í Safnahúsinu þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17:30.

Anna Margrét Birgisdóttir [sign.]

Helgi Bragason [sign.]

Þorbjörg Sandholt [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

Héraðsskjalasafn
Austfirðinga bs.

Ársreikningur 2019

Héraðsskjalasafn Austfirðinga bs.
Laufskógum 1
700 Egilsstaðir

Kt. 560678-0379

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns	3
Áritun skoðunarmanna	4
Áritun endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns

Meginhlutverk safnsins er að taka við skjölum skilaskyldra aðila, skrá þau og varðveita. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, bréfasöfnum og dagbókum einstaklinga, skjölum félaga og fyrirtækja og fleira.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð á árinu 2019 að fjárhæð 5,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok var jákvætt sem nam 35,4 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 15/6 2020

Stjórn:

Anna Margrét Birgisdóttir
Þorbjörg Sandholt
Helgi H. Bragan

Forstöðumaður:


Bára Stefánsdóttir

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga.

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2019. Leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 12.6. 2020



The image shows two handwritten signatures in blue ink. The top signature is written in a cursive style and appears to be 'Egilsstöðum'. The bottom signature is also in cursive and appears to be '12.6. 2020'.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 18. júní 2020



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga	2	26.887.702	26.916.287	26.887.714
Önnur rekstrarframlög	2	3.604.286	3.200.578	3.604.287
Aðrar tekjur	2	7.627.038	4.376.200	1.970.000
		<u>38.119.026</u>	<u>34.493.065</u>	<u>32.462.001</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	3	25.330.032	20.266.668	20.313.547
Rekstur húsnæðis		1.220.612	1.235.516	1.489.000
Framlög		6.562.275	5.956.214	6.540.455
Annar rekstrarkostnaður		10.619.025	12.809.706	9.956.781
Afskriftir		144.750	98.500	0
		<u>43.876.694</u>	<u>40.366.604</u>	<u>38.299.783</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(5.757.668)	(5.873.539)	(5.837.782)
Hreinar fjármunatekjur	4	<u>47.254</u>	<u>28.722</u>	<u>15.000</u>
Rekstartap	6	<u>(5.710.414)</u>	<u>(5.844.817)</u>	<u>(5.822.782)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar, áhöld og tæki	5	1.198.250	788.000
Langtímakröfur:			
Fyrirframgreidd leiga	6	29.113.900	34.936.681
Fyrirframgreiddur kostnaður	8	185.046	195.671
		<u>29.298.946</u>	<u>35.132.352</u>
Fastafjármunir		<u>30.497.196</u>	<u>35.920.352</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímaskröfur:			
Næsta árs afborgun langtímaskrafna	6	5.822.781	5.822.781
Viðskiptakröfur	1g	1.280.267	685.499
Aðrar skammtímaskröfur	1g	352.148	168.679
Handbært fé.....	1f	1.106.857	1.797.077
Veltufjármunir		<u>8.562.053</u>	<u>8.474.036</u>
Eignir samtals		<u><u>39.059.249</u></u>	<u><u>44.394.388</u></u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	7	35.365.655	41.076.069
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir		<u>3.693.594</u>	<u>3.318.319</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>39.059.249</u></u>	<u><u>44.394.388</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstartap ársins.....	7	(5.710.414)	(5.844.817)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....		144.750	98.500
Veltufé til rekstrar		<u>(5.565.664)</u>	<u>(5.746.317)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreidd leiga, lækkun		5.822.781	5.822.781
Fyrirframgreiddur kostnaður, lækkun (hækkun)		10.625	(195.671)
Skammtímakröfur, hækkun		(778.237)	(154.780)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		375.275	(344.980)
Samtals		<u>5.430.444</u>	<u>5.127.350</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(135.220)</u>	<u>(618.967)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....		(555.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(555.000)</u>	<u>0</u>
Lækkun á handbæru fé		(690.220)	(618.967)
Handbært fé í ársbyrjun		1.797.077	2.416.044
Handbært fé í árslok		<u>1.106.857</u>	<u>1.797.077</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarfélaganna samlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

d. Tryggingaverðmæti lausafjármuna

Tryggingaverðmæti bóka byggðasamlagsins nemur 45,4 millj. kr. og lausafjármuna 6,2 millj. kr. í árslok 2019.

e. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár

g. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður að fjárhæð 0,1 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afkrift að ræða. Engar breytingar urðu á niðurfærslu krafna á milli ára. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

2. Rekstartekjur

	2019	2018	Áætlun 2019
Rekstartekjur greinast þannig:			
<i>Rekstrarframlag sveitarfélaga:</i>			
Fljótsdalshérað	14.224.980	14.190.576	14.224.986
Fjarðabyggð	8.569.082	8.203.866	8.569.088
Seyðisfjarðarkaupstaður	1.098.960	1.106.029	1.098.961
Vopnafjarðarhreppur	1.233.684	1.260.220	1.233.689
Fljótsdalshreppur	660.852	674.028	660.850
Djúpavogshreppur	924.348	907.036	924.344
Breiðdalshreppur	0	340.147	0
Borgarfjarðarhreppur	175.796	234.385	175.796
	<u>26.887.702</u>	<u>26.916.287</u>	<u>26.887.714</u>
<i>Önnur rekstrarframlög:</i>			
Íslenska ríkið	855.000	855.000	855.000
Framlög til Ljósmyndasafns Austurlands	2.749.286	2.345.578	2.749.287
	<u>3.604.286</u>	<u>3.200.578</u>	<u>3.604.287</u>
<i>Styrkir og aðrar tekjur</i>			
Skönnun skjala	1.900.000	2.150.000	0
Ýmsir styrkir og gjafir	492.450	810.300	450.000
Ljósmyndaverkefni	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Skráningaverkefni	4.209.438	400.000	500.000
Aðrar tekjur	25.150	15.900	20.000
	<u>7.627.038</u>	<u>4.376.200</u>	<u>1.970.000</u>

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

	2019	2018	Áætlun 2019
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:			
Laun	21.037.855	16.583.018	16.896.405
Stjórnarlaun	150.264	137.742	160.000
Tryggingagjald	1.621.896	1.342.929	1.360.000
Lífeyrissjóður og stéttarfélagsgjöld	3.620.528	2.805.482	3.280.000
Bifreiðastyrkur	331.872	541.310	450.000
Launakostnaður færður á Ljósmyndasafn	(1.832.857)	(1.472.789)	(1.832.858)
Viðbótarframlag	10.625	10.625	0
Áfallið orlof, breyting	389.849	318.351	0
	<u>25.330.032</u>	<u>20.266.668</u>	<u>20.313.547</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	4	3	

Í árslok störfuðu alls fjórir starfsmenn hjá safninu en þar af sinnti einn þeirra sérverkefnum sem fjármögnuð voru með sérstökum framlögum, öðrum en rekstrarframlögum frá sveitarfélögum og ríkinu.

Laun stjórnar og forstöðumanns námu 10,2 millj. kr. á árinu 2019 (2018: 8,5 millj. kr.). Meðal launa og tengdra gjalda ársins 2019 eru færð áhrif starfsmats forstöðumanns.

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2019	2018
Vaxtatekjur	29.228	36.837
Vaxtagjöld	18.026	(8.115)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>47.254</u>	<u>28.722</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld og tæki	Innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	0	985.000	985.000
Viðbót á árinu	555.000	0	555.000
Heildarverð 31.12.2019	<u>555.000</u>	<u>985.000</u>	<u>1.540.000</u>
Afskrifað áður	0	197.000	197.000
Afskrifað á árinu	46.250	98.500	144.750
Afskrifað samtals 31.12.2019	<u>46.250</u>	<u>295.500</u>	<u>341.750</u>
Bókfært verð 1.1.2019	0	788.000	788.000
Bókfært verð 31.12.2019	508.750	689.500	1.198.250
Afskriftarhlutfall	10%	10%	

6. Fyrirframgreidd leiga

Breytingar á fyrirframgreiddri leigu greinast þannig:

Fyrirframgreidd leiga	34.936.681
Næsta árs afborgun	(5.822.781)
	<u>29.113.900</u>
Afborganir á fyrirframgreiddri leigu greinast þannig næstu ár:	
Árið 2020	5.822.781
Árið 2021	5.822.781
Árið 2022	5.822.781
Árið 2023	5.822.781
Árið 2024	5.822.781
Síðar	5.822.776
	<u>34.936.681</u>

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2019	41.076.069
Rekstrartap ársins	(5.710.414)
Eigið fé 31.12.2019	<u>35.365.655</u>

8. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag varúðarsjóðs á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú á árinu 2019 eru færðar til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig:

	Varúðar- sjóður	Samtals
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun	195.671	195.671
Gjaldfært á árinu	(10.625)	(10.625)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok	<u>185.046</u>	<u>185.046</u>

9. Atburðir eftir uppgjörssdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim, þar með talið efnahagslegum. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur.

Það er mat stjórnenda að faraldurinn muni að óbreyttu ekki hafa áhrif á tekjur safnsins til skemmri tíma litið en erfitt er að leggja mat á áhrif til lengri tíma í ljósi framangreindrar óvissu. Stjórnendur meta þó að greiðsluhæfi safnsins sé þó ekki enn skert.

10. Önnur mál

Á aðalfundi fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins í nóvember 2010 var gerð samþykkt um málefni Bókasafns Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur sem fellir úr gildi allar fyrri reglusetningar um bókasafnið. Stjórn Héraðsskjalasafnsins hefur kynnt ákvörðun aðalfundar fyrir erfingjum Halldórs og Önnu Guðnýjar og hefur verið unnið samkvæmt henni frá og með ársbyrjun 2011.

Sundurliðanir

	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2018	Fjárhags- áætlun 2019
Rekstur húsnæðis			
Rekstrarfélag Laufskóga 1	1.220.612	1.235.516	1.489.000
	<u>1.220.612</u>	<u>1.235.516</u>	<u>1.489.000</u>
Framlög:			
Ljósmyndasafn Austurlands	2.749.286	2.345.578	2.749.287
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar	1.903.962	1.792.514	1.882.140
Framlag til Skjalasafns Neskaupstaðar	1.909.027	1.818.122	1.909.028
	<u>6.562.275</u>	<u>5.956.214</u>	<u>6.540.455</u>
Annar rekstrarkostnaður:			
Húsaleiga, Laufskógum 1	5.822.781	5.822.781	5.822.781
Skönnunarverkefni	1.062.900	3.284.845	0
Húsaleiga, skjalageymsla	916.429	1.131.289	550.000
Hlutdeild bókasafns í húsaleigu	(916.429)	(862.140)	0
Endurskoðun og reikningskil (e.gr. vsk)	795.793	783.420	690.000
Rekstur tölvukerfa	694.900	789.228	770.000
Umbúðir	427.226	74.923	200.000
Ferðakostnaður	231.183	75.053	150.000
Funda- og viðskiptakostnaður	204.031	93.160	50.000
Tryggingar	202.193	196.589	209.000
Aðkeypt vinna (án vsk)	198.512	190.244	195.000
Póstur og sími	187.773	184.656	175.000
Áhöld, tölvur og tæki	172.294	109.576	300.000
Kaffistofa	130.684	59.124	80.000
Öryggiskerfi, skjalageymsla	94.590	89.344	95.000
Pappír, prentun og ritföng	114.201	139.342	200.000
Ljósmyndavefur	69.249	224.054	150.000
Námskeið	61.840	90.100	90.000
Annar starfsmannakostnaður	54.100	28.300	0
Bankakostnaður	45.098	47.227	45.000
Húsgögn og innréttingar	26.496	322.269	50.000
Kostnaður v/dagskrár og sýninga	23.181	(63.678)	100.000
Auglýsingar/kynningarstarf	0	0	35.000
	<u>10.619.025</u>	<u>12.809.706</u>	<u>9.956.781</u>

Ársskýrsla 2019



Skýrsla stjórnar

Árið 2019 var mjög gott ár fyrir komur skemmtiferðaskipa til Íslands. Heimsóknir fóru úr 746 komum í 876 og jókst farþegafjöldi um 15% milli ára. Þó nokkur aukning var hjá langflestum höfnum en einstaka hafnir standa í stað. Ekki er vitað hver ástæðan er en hvetjum við þessar hafnir til að halda ótrauð áfram í markaðssetningu.

Fyrstu leiðbeiningarnar á vegum AECO fyrir Seyðisfjörð komu út í byrjun sumars 2019. Leiðbeiningarnar voru samvinnuverkefni AECO og Seyðfirðinga. Boðaður var opinn vinnufundur árið 2019, þar sem allir gátu komið með sínar hugmyndir á framfæri innan Seyðisfjarðar og unnið var upp úr hugmyndum. Patreksfjörður og Reykjavík eru nú að skoða að setja upp sambærilegar leiðbeiningar fyrir sitt svæði. Fleiri áfangastaðir mættu taka upp umræðuna með sínu bæjarfélagi.

Nauðsynlegt er að samtökin séu stanslaust á tánnum varðandi markaðsmál. Stjórn CI er sammála um að svokallaðar FAM ferðir séu heppilegastar fyrir Ísland. Þar fær viðskiptavinurinn að sjá landið með eigin augum og virðist þetta hafa heppnast vel síðustu ár. Í FAM ferðunum fá Cruise Iceland meðlimir möguleika á stuttum einkafund með FAM gestum eða að fá heimsókn á sitt svæði. Með því móti hafa allir möguleika á að kynna sinn áfangastað eða sitt fyrirtæki. Er það von stjórnar Cruise Iceland að þetta hafi gefið góða raun og hægt verði að spinna enn frekar við heimsóknirnar sem virðast skila okkur miklu.

Árið 2019 setti Umhverfisstofnun fram reglur umferð manna og skipa/báta um friðlandið Hornstrandir. Reglurnar eru settar fram til að vernda víðfeðmt svæði með einstakri náttúru og dýralífi þar sem kyrrð ríkir og innviðir eru ekki áberandi. Á svæðinu skulu náttúrulegir ferlar vera ríkjandi án afskipta manna, með það að leiðarljósi að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þess að upplifa slík svæði. Þetta gerði það að verkum að farþegaskip geta ekki lengur sent farþega á þennan viðkomustað.

Í lok árs 2019 setti Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra fram nýja reglugerð sem tók gildi 1. janúar 2020. Eftir þann tíma má brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti sem notað er hér við land og í mengunarlögsögu Íslands ekki vera meira en 0,1% (m/m). Framangreint ber því með sér að frá árinu 2020 verður tæplega mögulegt að nota svartolíu nema skip séu útbúin hreinsibúnaði og sá búnaður nægi til að brennisteinsinnihald fari ekki yfir 0,1%. Umhverfisstofnun sér um allt eftirlit með að þessum reglum sé framfylgt við Ísland.

Íslenskar hafnir hafa áhuga á að skoða landtengingar fyrir skemmtiferðaskip en því miður eiga þær enga möguleika á að fjármagna landtengingar stórra skipa nema með verulegri aðkomu frá ríkinu, enda um milljarða fjárfestingar að ræða.

Öll veltum við því fyrir okkur hvað framtíðin muni bera í skauti sér hvað varðar skipakomur til Íslands. Mikilvægt er að við höldum vel á spilunum og sinnum okkar gestum vel. Upplifun þeirra er okkar besta auglýsing. Ef ekki á illa að fara verðum við að vaxa með og þróa okkar innviði af kostgæfni. Árið 2019 leit mjög vel út þar til í lok árs. Þá kom upp Corona veira (Covid-19) í Kína

og hefur hún dreift sér út um allan heim. Útgerðir skemmtiferðaskipa leggja skipum sínum, því mörg lönd hafa lokað landamærum sínum (engin skip né flugvélar). Einungis fraktflutningar til að koma nauðsynjavörum til landa eru leyfilegar. Því er útlit fyrir að árið 2020 verði þungt í rekstri fyrir alla aðila sem tengjast ferðamennsku á einhvern hátt. Ekki er vitað hvaða langvarandi áhrif þetta mun hafa á ferðamennsku út um allan heim. Eitt er þó víst að það mun taka ferðaþjónustuna 1-2 ár að byggja sig upp aftur eftir þetta mikla áfall.

Afkoma ársins

Heildartekjur samtakanna árið 2019 voru 12,7 milljónir en kostnaður nam um 13,3 milljónum og því tap á rekstrinum upp á 674.463 kr. Stærsti útgjaldaliður ársins var FAM ferðin upp á 2.907.693 milljónir.

Stjórn

Stjórnin hittist sex sinnum á árinu auk aðalfundar sem var haldinn í Reykjavík í maí. Eins og áður var þeim sið haldið að boða einnig varamenn til fundar og var þátttaka almennt nokkuð góð. Aðalfundur er haldinn annað hvert ár í Reykjavík og árið á móti úti á landi. Aðalfundur samtakanna mun verða á Siglufirði árið 2020.

Á aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn Cruise Iceland fyrir árið 2019-2020:

Aðalmenn:

Erna Kristjánsdóttir, Faxaflóahafnir sf.
Pétur Ólafsson, Hafnasamlag Norðurlands
Gunnar Rafn Birgisson, Ferðaskrifstofan Atlantik
Emma Kjartansdóttir, Iceland Travel
Blængur Blængsson, Samskip

Varamenn:

Aðalheiður Borgþórsdóttir, Seyðisfirði
Jón Ingi Einarsson, Ekran
Guðmundur M. Kristjánsson, Ísafjarðarhöfn
Sigríður Eysteinsdóttir, Iceland ProCruises
Íris Jóhannsdóttir, Gára

Starfsmannamál

Ákveðið var haustið 2019 að ráða Gyðu Guðmundsdóttir sem PR aðila fyrir Cruise Iceland, fyrir næstkomandi sumarvertíð. Samningurinn er til 6 mánaða, þ.e. frá 1. mars og gildir til 31. ágúst 2020. Verkefni Gyðu þessa 6 mánuði verður m.a. eftirfarandi:

Mars

Kynna sér í þaula sem mest varðandi það hvernig best er að svara þeim málum sem dunið hafa á þessum iðnaði síðustu misseri.

- Mengunarmál
- Sorpflokkun um borð í skipunum og reglur á Íslandi
- Úrgangur í sjó (hvað má setja í sjó við Ísland)
- Hvað skilja farþegarnir eftir sig. Hverjir fá tekjurnar
- Þróun skipakoma, skip og farþegar.

Apríl og maí

Setja sig í samband við alla þingflokka og óska eftir fundi þar sem hún og Pétur munu fara yfir þessi mál. Reynt verði eftir fremsta megni að upplýsa þingmenn betur um þessi mál. Fundað einnig með Ferðamálastofu, Umhverfisstofnun og Íslandsstofu um sömu málefni og hugsanlega sameiginlega snertifleti.

Maí og júní

Setja sig í samband við fjölmiðla og óska eftir að koma í viðtal/viðtöl

- Í Bítíð
- Reykjavík síðdegis
- Rúv fréttastofa, sjónvarp og útvarp
- Stöð tvö, Bylgjan
- Hringtorg Sigmundur Ernir
- N4
- Fréttablaðið
- MBL
- Annað sem dettur inn

Maí til september

Skrifa jákvæðar fréttir um cruise og birta í fjölmiðlum. Samskipti við fjölmiðla (útvarpsviðtöl, svara gagnrýni á iðnaðinn o.fl.). Annað sem dettur inn.

Ákveðið var á árinu 2019 að auka starfshlutfall Heru Brá Gunnarsdóttur úr 25% í 30%, þar sem vinnuhlutfall er aukið eftir því sem skipaumferð eykst. Starfssvið Heru er því eftirfarandi:

Starfsmaður undirbýr og situr stjórnarfundi og aðalfund samtakana og sér um ritun fundargerðar

Starfssvið

1. Sjá um heimasíðu Cruise Iceland.
2. Safna tölulegum upplýsingum frá höfnum og fyrirtækjum.
3. Svvara töluvopóstum sem samtökunum berast.
4. Undirbúa og skipuleggja ásamt því að fara í FAM ferðir.
5. Undirbúa og skipuleggja ásamt því að fara hugsanlega á sýningar.
6. Gera skýrslu eftir hverja sýningu og senda á meðlimi.
7. Halda utan um félagaskrá og dreifa tengiliðaupplýsingum á félagsmenn.
8. Sjá um stjórnarfundir og aðalfundi.
9. Vera í góðu sambandi við meðlimi.
10. Safna nýjum meðlimum.
11. Sjá um samfélagsmiðla.
12. Vera í sambandi við AECO og önnur.
13. Annað sem stjórn felur.

Markaðsstarf á vegum Cruise Iceland

Í samræmi við stefnumótun Cruise Iceland var starfsmönnum frá fjórum skipafélögum, Crystal Cruises, Vships, The World of Residence at Sea og Silversea boðið í skoðunarferð til Íslands í maí. Ferðin gekk afar vel og var mikil ánægja meðal boðsgestanna í þeirri könnun sem starfsmaður Cruise Iceland gerði meðal boðsgesta. Ljóst er að þessar ferðir virðast hitta í mark og eru bæði boðsgestir og fulltrúar viðkomustaða almennt mjög sáttir með þær.

Sýningarhald

Seatrade Global



Að venju tók Cruise Iceland þátt í Seatrade Cruise Global í Miami í apríl. Undirbúningur fyrir sýninguna var í höndum starfsmanns samtakanna. Varaformaður Cruise Iceland fór fyrir hönd hafna og voru bókaðir 11 fundir með útgerðum skemmtiferðaskipa. Vel var mætt á sýningarbasinn hjá öllum aðilum. Þátttakendur á bás voru: Atlantik, Gára, Iceland Travel og Faxaflóahafnir. Varaformaður var sameiginlegur fulltrúi fyrir: Akureyri, Fjarðabyggð, Sauðárkrók, Seyðisfjörð, Grundarfjörð, Vesturbyggð, Ísafjörð, Djúpvog og Siglufjörð.

Á mynd eru: Emma Kjartansdóttir (Iceland Travel), Gyða Guðmundsdóttir (Gára), Erna Kristjánsdóttir (Faxaflóahafnir), Bergný M. Valdimarsdóttir (Iceland Travel), Gunnar R. Birgisson (Atlantik) og Anna B. Gunnarsdóttir (Atlantik).

Seatrade Europe

Sýningin Seatrade Europe var haldin í Hamborg, Þýskalandi í september 2019. Öllum meðlimum að Cruise Iceland var boðið að taka þátt í þeirri sýningu. Þeir aðilar sem komust ekki gátu nýtt sér starfsmann Cruise Iceland til að kynna sínar hafnir. Aðilar sem mættu á sýninguna voru: Gára, Iceland Travel, Samskip og hafnir – Akureyrar, Grundarfjarðar, Ísafjarðar, Patreksfjarðar, Skagafjarðar, Seyðisfjarðar og Siglufjarðar. Starfsmaður Cruise Iceland var fulltrúi fyrir: Atlantik og hafnir – Djúpvogsvog, Fjarðabyggðar, Faxaflóa, Húsavíkur og Reykjaness.



Á mynd eru: Hafsteinn Garðarsson (Grundarfjarðarhöfn), Pétur Ólafsson (Formaður Cruise Iceland), Guðmundur M. Kristjánsson (Ísafjarðarhöfn), Aðalheiður Borgþórsdóttir (Seyðisfjarðarhöfn), Anita Elefsen (Siglufjarðarhöfn) og Dagur Þór Baldvinsson (Skagafjarðarhöfn)

AECO ráðstefna í Osló

Árleg ráðstefna á vegum Arctic Expedition Cruise Operations (AECO) var haldin í Osló í október 2019. Á þeirri ráðstefnu kynni hvert og eitt land fyrir ráðstefnugestum hvað er nýtt á nálinni. Erna Kristjánsdóttir markaðs- og gæðastjóri Faxaflóahafna og Gyða Guðmundsdóttir framkvæmarstjóri NAA voru báðar með erindi á ráðstefnunni. Aeco sérhæfir sig í að útbúa leiðbeiningar um verndun sjávar, umhverfis- og dýralífs fyrir ferðamenn sem þeir þurfa að fara eftir á hverjum stað.



Á myndinni eru Gyða Guðmundsdóttir (Gára/NAA), Emma Kjartansdóttir (Iceland Travel), Erna Kristjánsdóttir (Faxaflóahafnir), Íris Jóhannsdóttir (Gára) og Ingunn Hjaltalín (Iceland Travel)

Fjöldi farþega og komur skemmtiferðaskipa til íslenskra hafna 2015- 2019

Höfn	2015		2016		2017		2018		2019	
	Skip	Farþegar	Skip	Farþegar	Skip	Farþegar	Skip	Farþegar	Skip	Farþegar
Faxaflóahafnir	108	100.141	114	98.676	135	128.275	152	144.658	190	188.630
Akureyri	86	72.015	93	82.516	124	109.365	138	121.196	155	146.016
Grímsey	18	2.000	11	1.887	31	6.200	29	4.672	32	4.839
Hrísey	0	0	1	203	0	0	12	2.050	12	1.837
Djúpivogur	10	3.598	17	4.905	25	9.365	28	8.457	28	7.334
Eskifjörður	9	5.521	4	2.188	7	4.121	5	3.609	11	6.427
Grundarfjörður	28	12.628	27	10.861	26	11.142	28	10.585	52	17.681
Hafnarfjörður	7	1.329	10	3.912	15	7.635	15	4.592	18	4.007
Húsavík	13	2.176	20	4.755	33	6.971	40	7.306	28	4.783
Ísafjörður	61	53.160	81	73.900	95	78.732	106	91.683	126	97.839
Flateyri	3	840	3	840	0	0	0	0	0	0
Þingeyri	0	0	2	560	0	0	0	0	0	0
Raufarhöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reykjaneshöfn									0	0
Sauðárkrókur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Seyðisfjörður	28	19.115	32	16.139	42	19.973	56	29.146	68	40.565
Siglufjörður	19	3.200	13	3.150	22	4.610	40	7.006	38	7.241
Skagaströnd									0	0
Stykkishólmur	11	1.375	12	2.003	15	2.471	20	3.360	26	4.355
Vestmannaeyjar	31	8.036	41	11.374	50	12.138	53	12.730	65	13.038
Vesturbyggð	1	95	0	0	0	0	20	1.128	26	4.096
Þorlákshöfn	0	0	0	0	0	0	1	182	1	184
Samtals	439	291.461	481	326.850	623	401.380	746	452.680	876	548.872



Félagar í Cruise Iceland 31. desember 2019

Atlantik	Gunnar Rafn Birgisson
Djúpavogshreppur.....	Greta Mjöll Samúelsdóttir
Drífa – Icewear.....	Aðalsteinn Pálsson
Ekran ehf.....	Jón Ingi Einarsson
Faxaflóahafnir sf	Erna Kristjánsdóttir
Fjallabyggð.....	Anita Elefsen
Gára ehf	Jóhann Bogason
Grundarfjarðarhöfn	Hafsteinn Garðarsson
Hafnarfjarðarhöfn	Lúðvík Geirsson
Hafnarsjóður Fjarðabyggðar	Valgeir Ægir Ingólfsson
Hafnasamlag Norðurlands	Pétur Ólafsson
Hafnarsjóður Norðurþings.....	Pórir Örn Gunnarsson
Iceland Travel	Emma Kjartansdóttir
Iceland Pro Cruises.....	Sigríður Eysteinsdóttir
Ísafjarðarhöfn.....	Guðmundur M. Kristjánsson
N1	Þyri Dröfn Konráðsdóttir
Reykjaneshöfn.....	Halldór K. Hermannsson
Samskip hf	Blængur Blængsson
Seyðisfjarðarhöfn	Aðalheiður Borgþórsdóttir
Skagastrandarhöfn	Alexandra Jóhannesdóttir
Stykkishólms höfn	Hrannar Pétursson
Sveitarfélagið Skagafjörður	Dagur P. Baldvinsson
Vestmannaeyjahöfn	Andrés P. Sigurðsson
Vesturbyggð.....	Gunnþórunn Bender
Þorlákshöfn	Hjörtur B. Jónsson



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstartekjur			
Félagsgjöld		7.080.000	8.310.000
Þátttökugjöld vegna sýningar í Miami		1.760.000	2.025.000
Þátttökugjöld vegna sýningar í Hamborg		3.880.000	0
Þátttökugjöld vegna sýningar í Lissabon		0	2.750.000
Styrkur frá Hafnasamlagi Íslands		0	700.000
		<u>12.720.000</u>	<u>13.785.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun		2.357.250	285.000
Launatengd gjöld		498.097	59.246
Dagpeningar		230.000	0
Aðkeypt þjónusta		207.924	1.828.326
Ráðgjafþjónusta og kannanir		819.625	1.214.612
Kort og bæklingar		565.251	297.910
Kostnaður vegna heimasíðu		134.228	178.282
Kostnaður vegna sýningar í Miami		2.367.394	3.299.496
Kostnaður vegna sýningar í Hamborg		2.379.089	0
Kostnaður vegna sýningar í Lissabon		0	1.936.139
Kostnaður vegna heimsóknna erlendra gesta		2.907.693	3.446.978
Kostnaður vegna AECO		268.257	105.454
Bókhald og reikningsskil		403.198	381.424
Kostnaður vegna funda		220.995	210.175
Þjónustugjöld		35.462	25.031
Annar rekstrarkostnaður		0	24.990
		<u>13.394.463</u>	<u>13.293.063</u>
Rekstrar(-tap) hagnaður	(674.463)	491.937
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		30.356	26.432
Vaxtagjöld	(14.562)	(3.685)
		<u>15.794</u>	<u>22.747</u>
(Tap) hagnaður ársins	3	<u>(658.669)</u>	<u>514.684</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Fyrirframgreiddur kostnaður		1.546.692	1.179.164
Aðrar skammtímakröfur		60.362	0
Handbært fé		5.642.895	6.789.200
Veltufjármunir		<u>7.249.949</u>	<u>7.968.364</u>
Eignir samtals		<u>7.249.949</u>	<u>7.968.364</u>
Eigið fé			
Oráðstafað eigið fé		7.188.184	7.846.853
Eigið fé 3		<u>7.188.184</u>	<u>7.846.853</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		61.765	121.511
Skuldir		<u>61.765</u>	<u>121.511</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>7.249.949</u>	<u>7.968.364</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	3 (658.669)	514.684	
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	(658.669)	514.684	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður, (hækkun) lækkun	(367.528)	1.565.293	
Skammtímaskuldir, lækkun	(59.746)	(41.785)	
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(427.274)	1.523.508	
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(1.085.943)	2.038.192	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(1.085.943)	2.038.192	
Handbært fé í ársbyrjun	6.789.200	4.751.008	
Handbært fé í árslok	5.703.257	6.789.200	

Samþykktir CRUISE ICELAND

1. HEITI OG HEIMILI

Samtökin heita Cruise Iceland, skammstafað C.I.

Heimili félagsins, varnarþing og skrifstofa er í Reykjavík. Heimilt er að reka útibú eða skrifstofur annars staðar innanlands eða utan.

2. MEGINHLUTVERK OG TILGANGUR

Markmið samtakanna er að:

- Að auka og þróa markaðssetningu Íslands og nánasta umhverfi þess, sem ákjósanlegs áfangastaðar skemmtiskipa, stuðla að fjölgun viðkomustaða á Íslandi og lengja dvöl skipa í höfn.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta varðandi komu skemmtiskipa til Íslands með það að markmiði að bæta aðstöðu skemmtiskipa og farþega, taka þátt í og örva umræður um öryggismál skipa og farþega og stuðla að áætlunarferðum í kringum Ísland (hringferðir).
- Að eiga samstarf við hliðstæð samtök erlendis, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og stuðla að sjálfstæðu kynningarstarfi í útlöndum og stuðla að því að Ísland verði markaður fyrir farþegaskipti.
- Að stuðla að nánari samvinnu við stjórnvöld og hafa þannig áhrif á stefnu þeirra og annarra aðila sem tengjast starfsemi skemmtiskipa með það að markmiði að íslenskum fyrirtækjum verði búin starfsaðstaða sem gerir iðnaðinn samkeppnishæfan á innlendum og erlendum mörkuðum.
- Að bæta vörubrúun í afþreyingu og verslun og auka og efla kynningu á þeim vettvangi.
- Halda úti öflugri vefsíðu [www.cruiseiceland.com](#)

3. AÐILD OG SKILYRÐI AÐILDAR

Aðilar að C.I. geta orðið fyrirtæki, einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur sem starfa í þjónustuiðnaði við skemmtiskip eða skyldum greinum og allir þeir aðilar sem á einhvern hátt að málendum skemmtiskipa koma.

4. UMSÓKN UM AÐILD

Inntökubeiðni í C.I. skal vera skrifleg og sendast á stjórn þess. Með inntökubeiðni skulu fylgja upplýsingar um þann aðila sem sækir um, stjórn, stjórnendur, starfssvið, og fleira sem stjórnin

telur nauðsynlegt að fá upplýsingar um. Telst inntökubeiðni samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana og tekur aðild þá þegar gildi.

Áfrýja má til félagsfundar afgreiðslu stjórnar á inntökubeiðni.

5. ÚRSÖGN EÐA BROTTVIKNING

Úrsögn úr samtökunum skal vera skrifleg og sendast stjórn. Úrsögn skal miðast við áramót og tilkynnt með minnst sex mánaða fyrirvara.

Brjótí félagsaðili gegn samþykktum þessum, reglum eða fundarsamþykktum er stjórn C.I. heimilt að víkja viðkomandi úr samtökunum enda hafi félagsaðila verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Áfrýja má til félagsfundar afgreiðslu stjórnar á brottvikningu.

Úrsögn eða brottvikning leysir félagsaðila ekki undan greiðslu áfallinna árgjalda eða annarra skulda eða ábyrgða sem á honum hvílir.

Félagsaðila sem segir sig úr samtökunum eða er vikið úr þeim getur ekki eignast kröfur af neinu tagi á hendur C.I. í kjölfar úrsagnar eða brottvikningar.

6. AÐALFUNDUR

Aðalfundur hefur æðsta valdi í málefnum C.I. Aðalfundur skal halda fyrir lok maí mánaðar ár hvert og skal til hans boða með minnst fjögurra vikna fyrirvara með tilkynningu til félaga.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt eiga stjórnendur aðildarfyrirtækjanna og aðrir félagar.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega hefur verið til hans boðað án tillits til fundarsóknar nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg ef 1/5 hluti fundarmanna krefst þess.

Á dagskrá aðalfundar skal m.a. vera:

1. Kosning fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
3. Reikningar samtakanna fyrir næstliðið reiknisár.
4. Tillaga stjórnar um fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Breytingar á samþykktum félagsins enda séu þær kynntar í fundarboði.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda.
8. Árgjald næsta árs.
9. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál.

7. FÉLAGSFUNDUR

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald milli aðalfunda í öllum málefnum C.I. innan þeirra marka sem samþykktir þessa setja.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað án tillits til fundarsóknar.

Félagsfundi skal halda þegar stjórn C.I. þykir við þurfa, eða ef félagsaðilar sem fara með minnst 1/5 hluta atkvæða óska þess. Ósk um félagsfund skal senda stjórn C.I. og ber henni þá að boða til félagsfundar með trygglegum hætti án tafar, en þó með minnst þriggja daga fyrirvara, nema sérstaklega standi á.

Í fundarboði skal stuttlega getið þeirra mála sem taka skal fyrir á fundinum. Ályktunum um mál sem ekki er getið í fundarboði skal vísa til stjórnar.

Hverjum fundi stýrir formaður stjórnar eða kjörin fundarstjóri. Hann skal kynna sér í fundarbyrjun hvort löglega er til fundarins boðað og úrskurða þar um. Hann velur fundarritara úr hópi fundarmanna. Fundarstjóri skal stjórna atkvæðagreiðslu og annarri málsmeðferð. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg ef 1/5 hluti atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum öðrum en þeim sem samþykktir þessar kveða á um.

Í fundargerðum skulu koma fram allar samþykktir félagsfunda og stutt skýrsla um annað það sem gerist á félagsfundum. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara og telst hún að þessum formsatriðum uppfylltum sönnunargagn þess sem fram fór á fundinum.

8. ATKVÆÐAMAGN

Á aðalfundi og öðrum félagsfundum hefur hver félagsaðili atkvæðamagn í hlutfalli við greitt félagsgjald fyrir næstliðið ár. Skal honum send tilkynning þar um fyrir stjórnarkjör sem fram fer í tengslum við aðalfund ár hvert og gildir það atkvæðamagn fyrir hvern og einn félagsaðila til næsta stjórnarkjörs að ári.

Hverjum heilum 1000 (eittþúsund) krónum í greiddum félagsgjöldum fylgir eitt atkvæði. Greiðslur eldri árgjaldsskulda reiknast ekki til atkvæða.

Félagsaðilar skulu að jafnaði fela eigin framkvæmdarstjórum eða stjórnarmönnum að fara með umboð sitt á félagsfundum, en heimilt er að fela umboðið öðrum. Umboð skal vera skriflegt.

9. STJÓRN og STJÓRNARKJÖR

Á aðalfundi skal kjósa fimm manna stjórn C.I. ásamt fimm varamönnum fyrir hvern og einn stjórnarmann.

Félagsaðilar skulu í síðasta lagi viku fyrir stjórnarfund tilkynna formanni stjórnar C.I. um að þeir hyggist bjóða sig fram til stjórnarsetu. Í þessari tilkynningu skal koma fram fullt nafn þess aðila sem býður sig fram til stjórnar og einnig fullt nafn varamanns sem tekur sæti aðlmanns ef hann forfallast.

Kjörgengir eru fulltrúar allra félagsaðila að C.I. og er kjör ekki bundið við þær tilnefningar sem borist hafa. Kosning fer þannig fram að rita skal á atkvæðaseðla nöfn þeirra fimm manna sem atkvæði skulu hljóta. Varamenn stjórnar eru ekki kosnir sérstaklega heldur fylja þeir aðalmönnum.

10. STJÓRNARFUNDIR OG VERKEFNI

Stjórn C.I. mótastefnu og meginárherslur og fer með yfirstjórn samtakanna á milli félagsfunda. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs úr sínum hópi formann, varaformann og ritara. Stjórnin heldur fundi ársfjórðungslega eða oftast ef minnst tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórn er kosin til eins árs í senn.

Formaður boðar til stjórnarfundar með minnst 7 daga fyrirvara. Í fundarboði skal getið helstu mála sem taka skal fyrir á fundinum. Stjórnarfundur er lögmatgur ef hann sækja auk formanns minnst fjórir

meðstjórnendur eða varamenn fyrir þá. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í stjórn C.I. ræður atkvæði formanns úrslitum.

Ákvarðanir stjórnarfundna skal skrá í fundargerðir og skulu þær undirritaðar.

Alla samninga og skuldbindingar sem stjórnin gerir fyrir hönd C.I. samkvæmt samþykktum þessum og ákvörðunum félagsfunda eru bindandi fyrir alla félagsaðila, þó málefnið hafi ekki verið undir þá borið. Allar samþykktir félagsfunda skal kynna félagsaðilum svo fljótt sem verða má.

Firma C.I. ritar formaður og tveir stjórnarmenn saman. Stjórnin getur veitt prókúruumboð.

Við töku allra meiriháttarákvarðana þarf samþykki allra stjórnarmanna. Hér skal miða við að ákvörðunin snerti hagsmuni C.I. sem fara yfir 1. millj króna.

11. FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórnin getur ráðið framkvæmdarstjóra og/eða aðra starfsmenn og ákveðið launakjör þeirra. Ef framkvæmdarstjóri er ráðinn stýrir hann starfsemi samtakanna í samráði við stjórnina. Hann hefur á hendi daglegan rekstur og eftirlit. Einnig gerir hann tillögur til stjórnar varðandi rekstur samtakanna og áherslur í starfsemi þeirra.

12. ÁRSREIKNINGUR

Fyrir marslok ár hvert skal stjórnin hafa lokið við gerð reikninga þeirra fyrir næstliðið reikniár og löggiltur endurskoðandi hafa endurskoðað þá.

Viku fyrir aðalfund skulu reikningur fyrir C.I. fyrir liðið ár ásamt athugasemdum endurskoðenda vera félagsaðilum til sýnis á skrifstofu samtakanna.

13. ÁRSGJÖLD

Aðalfundur ákveður árlega árgjald til samtakanna og gildir sú ákvörðun frá upphafi næsta árs. Fyrir árið 2004 er árgjaldið 100.000

Árgjöld skulu innheimt tvisvar á ári með gjalddögum 1. janúar og 1. júlí ár hvert, en eindaga mánuði eftir gjalddaga. Ef árgjald er ekki greitt á eindaga er heimilt að reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

Nýjrir félagar greiða árgjald frá og með þeim árshelmingi sem er að líða þegar þeir eru teknir inn í samtökin.

Þeir sem segja sig úr samtökunum, greiða árgjald til þeirra áramóta þegar þeir ganga út. Þegar um brottvikningu er að ræða skal greiða árgjald til loka þess árshelmingis er brottvikning fer fram. Aðilar að samtökunum bera ekki neina ábyrgð á skuldbindingum samtakanna umfram það sem leiðir af ákvæðum kafla þessa.

14. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

Breytingar á samþykktum þessum má aðeins gera á lögsmætum félagsfundi, enda hafi verið til þess getið í fundarboði að lagabreyting yrði til meðferða á félagsfundi og meginefni breytinganna kynnt í fundarboði. Til samþykktar lagabreytinga þarf minnst 2/3 hluta allra greiddra atkvæða á fundinum.

15. FÉLAGSLIT

Tillögu um slit á C.I. eða samruna þeirra við önnur samtök eða félög skal fara með á sama hátt og lagabreytingar, að öðru leyti en því að $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á félagsfundi þarf til að samþykkja slit á samtökunum eða samruna þeirra við önnur félög. Slíka tillögu má ekki taka til afgreiðslu nema hún hafi verið kynnt í fundarboði.

Fundur sem samþykkir slit samtakanna eða samruna þeirra við önnur samtök á löglegan hátt skal einnig ákveða hvernig ráðstafa skuli eignum þeirra og greiðslu skulda.

16. GILDISTAKA

Samþykktir þessar öðlast fullt gildi frá og með 18. febrúar 2004.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á fyrsta starfsári verða ársgjöld kr. 100.000.- enda þótt samtökin séu stofnuð í febrúar 2004. Gjaldldagi fyrri hluta ársgjaldsins kr. 50.000.- skal vera 1. mars 2004 og eindagi 1. apríl. Gjaldldagi seinni hluta ársgjaldsins kr. 50.000.- skal vera 1. júlí 2004 og eindagi 1. ágúst. Þeir sem ganga inn í samtökin á þessu ári, eftir aðalfund greiða ársgjaldið í hlutfalli m.v. þann dag sem gengið er inn í samtökin.

Fyrsta stjórnarkjör í C.I. skal fara þannig fram að þeir aðilar sem hyggjast bjóða sig fram til stjórnarrsetu skulu tilkynna fundarstjóra um það á stofnfundi félagsins. Á stofnfundi skal einnig taka ákvörðun um kjör endurskoðanda samtakanna og staðfesta ársgjald vegna ársins 2004.

Samþykktir þessa voru samþykktar á stofnfundi samtakanna 18. febrúar 2004.

		[Raunt. 2018]	[Áætl. 2019]	[Raunt. 2019]	[Áætl. 2020]	[Áætl. 2021]
4200	Beinn rekstur safnsins					
4210	Aðkeypt vinna (án vsk)	190.244	195.000	198.512	200.000	214.393
4230	Rekstur tölvukerfis (án vsk)	547.817	570.000	580.428	600.000	626.862
4235	Rekstur tölvukerfis (e.gr. vsk)	241.411	200.000	114.472	300.000	123.630
4240	Gjaldfærð skrifstofuáhöld og tæki	109.576	300.000	172.294	250.000	250.000
4250	Gjaldfærð áhöld og innréttingar	322.269	50.000	26.496	150.000	100.000
4251	Umbúðir	74.923	200.000	427.226	250.000	430.000
4254	Kostn. v/sýninga og dagskrár	-63.678	100.000	23.181	50.000	50.000
4260	Ljósmyndaverkefni [og vefur 4262]	224.054	150.000	69.249	230.000	200.000
4261	Skönnunarverkefni	3.284.845		1.062.900		
4265	Vátryggingar	122.123	134.000	124.253	130.000	130.466
4400	Skrifstofukostnaður					
4410	Sími	84.490	85.000	76.594	90.000	80.356
4430	Burðargjöld	100.166	90.000	111.179	105.000	116.738
4460	Pappír, prentun og ritföng	139.342	200.000	114.201	140.000	120.000
4500	Stjórnun og umsýsla					
4510	Aðkeypt þjónusta (án vsk)					
4520	Endurskoðun, bókhald (egr. vsk)	783.420	690.000	795.793	820.000	859.456
4530	Ferðakostnaður	75.053	150.000	231.183	140.000	250.000
4540	Dagpeningar					
4550	Funda- og viðskiptakostnaður	93.160	50.000	204.031	95.000	205.000
4580	Auglýsingar [fært í 4254]		35.000			
4590	Gjafir og styrkir			10.000		
4595	Annar kostnaður					
4685	Niðurfærsla krafna (innréttingar)					
5010	Afskriftir innréttinga og tækja	98.500		144.750		
6215	Bankakostnaður, þjónustugjöld	47.227	45.000	45.098	50.000	50.000
	Gjöld alls:	40.366.604	38.299.783	43.876.694	41.007.316	42.766.180
Fjármunatekjur:						
6110	Vaxtatekjur	-36.837	-15.000	-29.228	-29.298	-30.000
6120	Fjármagnstekjuskattur					
6220	Vaxtagjöld	8.115		-18.026		-15.000
	Fjármunatekjur alls:	-28.722	-15.000	-47.254	-29.298	-45.000
	Niðurstaða:	5.844.817	5.822.781	5.710.414	5.822.781	5.822.781
7341	Innréttingar vegna leiguhúsnaðis	788.000				

ársreikningur	2019
tekjur alls:	-38.166.280
gjöld alls:	43.876.694
tap af rekstri:	5.710.414
húsaleiga	-5.822.781
afgangur	-112.367

áætlun	2021
tekjur alls:	-36.943.399
gjöld alls:	42.766.180
tap af rekstri:	5.822.781
húsaleiga:	-5.822.781
niðurstaða:	0

Héraðsskjalasafn Austfirðinga bs.

Áætlun um rekstrarframlög sveitarfélaga 2021

samþykkt á stjórnfund: 15.6.2020

Aðildarsveitarfélög	Skatt- tekjur 2019	% skipt. tekn.	% skipt. framl.	Rekstrar framlag	30%	70%	Samtals til innh. 2021	Var til innh. 2020	Hækkun milli ára	Hver gjaldtagi	
Vopnafjarðarhreppur	671.961	6,07	4,25	1.319		1.319	1.319.516	1.205.388	114.128	109.960	12
Fljótsdalshérað	3.710.146	33,51	51,56	16.011	8.726	7.285	16.011.599	15.401.347	610.252	1.334.300	12
Fljótsdalshreppur	251.082	2,27	3,49	1.084	591	493	1.083.576	704.999	378.577	90.298	12
Borgarfjarðarhreppur	107.793	0,97	0,68	212		212	211.671	236.154	(24.483)	17.639	12
Seyðisfjarðarkaupstaður	669.102	6,04	4,23	1.314		1.314	1.313.902	1.232.500	81.402	109.492	12
Fjarðabyggð*	5.124.947	46,29	32,41	10.063		10.063	10.063.752	9.833.034	230.718	838.646	12
Djúpavogshreppur	535.370	4,84	3,39	1.051		1.051	1.051.295	963.063	88.232	87.608	12
	11.070.401	100	100	31.054	9.316	21.738	31.055.310	29.576.485	1.478.825	2.587.943	

Sameinað sveitarfélag:	5.022.411	45,37	59,86	18.587	8.726	9.862	18.588.466	17.833.064	755.403	1.549.039	
-------------------------------	-----------	-------	-------	--------	-------	-------	------------	------------	---------	-----------	--

Frá framlagi Fjarðabyggðar dregst upphæð sem
Héraðsskjalasafnið leggur til Skjala- og myndasafns Norðfjarðar.

	Samtals til innh. 2021	Var til innh. 2020	Hækkun milli ára	Hver gjaldtagi						
Fjarðabyggð	5.124.947	46,29	32,41	10.063	10.063	10.063.752	9.833.034	230.718		

Skjala- og myndasafnið í Neskaupstað						-2.204.927	-2.099.931	104.996		
---	--	--	--	--	--	------------	------------	---------	--	--

* Framlag Fjarðabyggðar er því: 7.858.825 7.733.103 125.722 654.902 12

Unnið skv. upplýsingum frá sveitarfélögum um skatttekjur 2019:

útsvar, fasteignaskattur, jöfnunarsjóður og lóðarleiga (í þús. kr.)

Framlögum er skipt í samræmi við stofnsamning byggðasamlagsins.

Gjald dagar eru 12 á ári. Eftir sameiningu sveitarfélaga verður ekki boðið uppá 4 gjalddaga á ári (Bor & Sey greiða nú í jan., apríl, júlí og okt.).

Tillögur um breytingar á stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. á árinu 2020

Undirrituð lagði neðangreinar breytingartillögur við stofnsamning byggðasamlagsins fyrir stjórnarfund 15. júní 2020. Tillögurnar voru samþykktar og ákveðið að senda þær til aðildarsveitarfélaganna til skoðunar.

Við endurskoðun textans var leitað ráða hjá lögfræðideild Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ástæða breytinga er annars vegar sameining sveitarfélaga á starfssvæðinu. Hins vegar þörf á að breyta samningnum þannig að hann verði í betra samræmi við [sveitarstjórnarlög nr. 138/2011](#).

Núverandi stofnsamningur tók gildi 1. desember 2018. [Hér má lesa núverandi stofnsamning í heild](#).

Viðbætur við texta stofnsamningsins eru með **rauðu feitu letri** en úrfellingar eru **yfirstrikaðar**. Helstu breytingar eru með **gulum lit**. Eru það annars vegar leiðréttingar sem ég hef gert til samræmis við sveitarstjórnarlög og hins vegar breytingar sem ég gerði eftir ábendingar frá lögfræðingi.

Aftar í skjalinu eru skýringar við breytingar á hverri grein fyrir sig. Þegar sveitarfélögin hafa tekið stofnsamninginn til umræðu er gert ráð fyrir að endanlegar tillögur verði lagðar fyrir aðalfund Héraðsskjalasafnsins í nóvember.

Í fylgiskjali 1 er: Samanburður á íbúafjölda, atkvæðavægi og skiptingu stjórnarmanna.

Í fylgiskjali 2 er: Samanburður við stofnsamninga hjá öðrum byggðasamlögum á Austurlandi.

23. júní 2020

Fyrir hönd stjórnar,

Bára Stefánsdóttir
forstöðumaður

Breytingar á einstökum greinum

Samningsaðilar

Sveitarstjórnir Vopnafjarðarhrepps, Fljótshrepps, NN [nýtt sameinað sveitarfélag ~~Fljótshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps~~] og Fjarðabyggðar gera með sér svofelldan SAMNING UM HÉRAÐSSKJALASAFN AUSTFIRÐINGA.

1. grein

Síðasta setning um réttindi, skyldur og tengsl við lög:

Héraðsskjalasafnið hefur þau réttindi og á því hvíla þær skyldur sem kveðið er á um í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 (með síðari tíma breytingum) og í **reglugerðum með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna héraðsskjalasöfn nr. 283/1994** og tekur efni stofnsamnings þessa mið af þeim.

2. grein

Númer sett fyrir framan hlutverk Héraðsskjalasafnsins og orðanotkun betrumbætt:

1. Að annast söfnun skjala aðildarsveitarfélaga og stofnana þeirra aðila sem samkvæmt lögum **og reglugerð** bera afhendingarskyldu gagnvart héraðsskjalasafni. Einnig leitist Héraðsskjalasafnið við að safna öðrum skjölum (~~eða afritum skjala~~), **svo sem einkaskjölum óháð varðveisluformi þeirra**, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir menningararfleifið og sögu **Austurlands starfssvæðis safnsins**.
2. Að skrásetja öll afhent skjalasöfn; hvert um sig og birta ~~prentaðar, fjölritaðar og/eða rafrænar~~ skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra. Einnig að tryggt sé að aðgengi almennings að skjölum í vörslu safnsins sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að viðhalda og varðveita Bókasafn Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur í samræmi við ákvæði gjafabréfs dags. 17. apríl 1974 og samkvæmt samþykkt aðalfundar fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins frá 25. nóvember 2010.
4. Að hafa samstarf við Skjala- og myndasafn Norðfjarðar samkvæmt sérstöku samkomulagi Héraðsskjalasafnsins við bæjarstjórn Fjarðabyggðar (sbr. 9. gr.).

3. grein

1. málsgrein um skipun stjórnar orðist svo:

~~Til að vinna að þeim verkefnum sem lög og reglugerðir kveða á um eða tilgreind eru í 2. gr. þessa samnings að unnin skuli að á vettvangi Héraðsskjalasafns Austfirðinga skulu á fyrsta aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi e~~ Eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar **kosnir þrjú skulu sveitarstjórnir tilnefna þrjá** fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafnsins og jafnmargar til vara.

2. málsgrein um skiptingu stjórnarmanna orðist svo:

Skal einn fulltrúi auk varamanns tilnefndur **sameiginlega** af sveitarstjórn ~~um~~ NN [nýtt sameinað sveitarfélag] ~~Fljótshéraðs, Fljótshrepps, og Borgarfjarðarhrepps~~, einn fulltrúi auk varamanns tilnefndur af bæjarstjórn Fjarðabyggðar og einn fulltrúi auk varamanns tilnefndur sameiginlega af sveitarstjórn ~~Fljótshrepps og Vopnafjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps~~. **Komi sveitarstjórnir sér ekki saman um sameiginlegan aðalmann í stjórn skal kjósa á milli þeirra á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins.**

3. málsgrein um verkaskiptingu verði óbreytt:

Ný stjórn Héraðsskjalasafnsins taki til starfa að afloknum aðalfundi safnsins, eftir að fyrri stjórn hefur skilað skýrslu, ársreikningum og fjárhagsáætlun.

4. málsgrein um verkaskiptingu stjórnar orðist svo:

Stjórn skiptir sjálf með sér verkum þannig: formaður, varaformaður og meðstjórnandi. ~~en f~~
Forstöðumaður safnsins annast að öllu jöfnu ritun fundargerða fundarritun.

Síðasta setning 3. greinar orðist svo:

Fundargerðir ~~skulu skal~~ sendar til aðildarsveitarfélaga ~~ögum~~.

4. grein

2. málsgrein um fjárhagslegar skuldbindingar orðist svo:

Stjórn er ~~ekki~~ **hvorki** heimilt að skuldbinda safnið fjárhagslega, né heldur á neinn hátt að skuldbinda aðildarsveitarfélögin fjárhagslega, umfram samþykktu fjárhagsáætlun.

3. málsgrein um heimildir stjórnar orðist svo:

Ekki er þörf á að ~~samþykktir~~ **ákvarðanir** stjórnar séu staðfestar af sveitarstjórnnum, svo fremi að þær séu innan ramma samþykktar fjárhagsáætlunar safnsins, í samræmi við starfssvið Héraðsskjalasafnsins og settar fram í þess nafni.

5. grein

Aftast í greinina bætist VIÐ ný setning um fjarfundi:

Stjórnarfundir er heimilt að halda sem fjarfundi í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

6. grein

1. málsgrein um tímasetningu aðalfundar orðist svo:

Aðalfundur Héraðsskjalasafnsins skal haldinn í eigi síðar en 15. nóvember ár hvert.

4. málsgrein um sendingu dagskrár og fundargagna orðist svo:

Eigi síðar en ~~1. nóvember og a.m.k.~~ tveimur vikum fyrir aðalfund skal öllum aðildarsveitarfélögum hafa verið send dagskrá aðalfundar, ársreikningar fyrir næstliðið starfsár og fjárhagsáætlun komandi starfsárs þar sem fram kemur áætlað **rekstrar**framlag hvers og eins ~~aðildar~~sveitarfélags og áætlaðar breytingar milli ára miðað við niðurstöðutölu áætlunarinnar.

7. málsgrein um skýrslu stjórnar orðist svo:

Á aðalfundi skal ~~stjórn~~ **formaður** ~~leggja fram~~ flytja skýrslu um **starfsemi störf** stjórnar frá ~~seinasta síðasta~~ aðalfundi.

8. málsgrein um ársskýrslu orðist svo:

Forstöðumaður kynnir ársskýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári og gerira grein fyrir áformum um helstu viðfangsefni komandi starfsárs í samræmi við framlagða fjárhagsáætlun.

9. málsgrein um afgreiðslu mála orðist svo:

Á aðalfundi skulu ~~og~~ eftirtalin mál afgreidd **með atkvæðagreiðslu**:

Liðum undir 9. málsgrein um afgreiðslu mála fjölgar um einn:

- a) **Kjörbréf og umboð fulltrúa sveitarfélaga á fundinum.**
- b) Reikningar næstliðins starfsárs.
- c) Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár.
- d) Kjör löggilts endurskoðanda.
- e) Kjör tveggja skoðunarmanna ársreikninga og jafnmargra til vara.
- f) Önnur mál, eftir því sem dagskrá fundarins segir til um.

11. málsgrein um einfaldan meirihluta atkvæða orðist svo og tilvísun í 7. grein bætist aftan við:
Einfaldur meirihluti atkvæða, með hliðsjón af mætingu á fundinn, nægir við afgreiðslu á málum (~~skv. tl. 6. gr. a til e)~~ **nema stofnsamningur kveði á um annað. Um atkvæðafjölda hvers sveitarfélags fer skv. 7. gr.**

12. málsgrein orðist svo:

Einn þriðji hluti aðildarsveitarfélaganna eða a.m.k. tveir stjórnarmenn geta farið fram á aukaaðalfund, enda sé fundarefni tilgreint. Skulu slíkir fundir haldnir eigi síðar en þrem vikum eftir að lögleg ósk þess efnis kemur fram.

[Athuga tillögu lögræðings um einfaldara ákvæði sem ég sett inn í skýringar um þessa grein].

Aftast í 6. grein bætist við nýr málsgrein:

Í slíkum tilfellum nægir að senda út gögn, er varða ástæður aukaaðalfundar, einni viku fyrir fundardag.

7. grein

2. málsgrein um skipun aðalfundarfulltrúa orðist svo:

Aðalmenn í stjórn Héraðsskjalasafnsins skulu sitja aðalfund en þá ~~skal~~ **má** ekki skipa sem aðalfundarfulltrúa.

Aftan við 3. málsgrein um kjörbréf bætist við ný málsgrein um umboð:

Séu fulltrúar sveitarfélags fleiri en einn skal á kjörbréfi getið um skiptingu atkvæða viðkomandi sveitarfélags milli þeirra. **Forfallist bæði aðal- og varamaður sem sveitarfélag hefur tilnefnt á aðalfund er heimilt að veita fulltrúa annars sveitarfélags umboð til að fara með atkvæði viðkomandi sveitarfélags á fundinum.**

Aftast í setningu um framkvæmdastjóra sveitarfélaga bætist við nánari lýsing:

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga, eða staðgenglar þeirra, eiga rétt á að sitja aðalfundi sem áheyrnarfulltrúar, **séu þeir ekki tilnefndir fulltrúar á fundi.**

Síðari hluti málsgreinar um ferða- og upphaldskostnað verði sleppt:

Hvert sveitarfélag greiðir ferða- og upphaldskostnað sinna fulltrúa ~~umfram það, sem ráð kann að vera fyrir gert í fjárhagsáætlun vegna aðalfundar eða annarra funda.~~

8. grein

Aftast í setningu um endurskoðun starfslýsingar bætist við nánari texti:

Starfslýsinguna skal endurskoða á fimm ára fresti **eða eftir því sem þörf krefur.**

9. grein

Liður c) um hlutfallsskiptingu framlaga breytist vegna sameiningar sveitarfélaga:

Framlaginu skal skipt í tvennt á eftirfarandi hátt:

70% greiðast af öllum sveitarfélögunum sem að samningnum standa.

30% greiðast af sveitarfél~~aginu~~ **aginu NN** [nýtt sameinað sveitarfélag] ~~ögunum Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi.~~

Ákvæði um framlag til Skjala- og myndasafns Norðfjarðar orðist svo:

Héraðsskjalasafn Austfirðinga tekur þátt í rekstrarskostnaði Skjala- og myndasafns Norðfjarðar og greiðir til Fjarðabyggðar sem nemur 7,1% af heildarframlagi aðildarsveitarfélaganna til Héraðsskjalasafnsins eins og það er á fjárhagsáætlun hvert ár.

Ákvæði um framlag til Bókasafns Halldórs og Önnu orðist svo:

Til Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar skal **Héraðsskjalasafnið** verja því sem nemur 7% af **heildarframlagi** aðildarsveitarfélaganna **til Héraðsskjalasafnsins** bókasafnsins.

10. grein verður óbreytt.

11. grein

2. og 3. málsgrein um breytingar á stofnsamningi orðist svo:

Tillögur að breytingum á samningi þessum skal leggja fyrir aðalfund þar sem þær skulu kynntar **og afstaða tekin til þeirra** og greidd um þær atkvæði. Reynist tillögurnar hafa stuðning meirihluta atkvæða ber að vísa þeim til viðkomandi sveitarstjórna.

4. málsgrein um atkvæðahlutfall orðist svo:

Til þess að breytingar á samningnum öðlist gildi þurfa sveitarstjórnir sem ráða yfir **3/4 2/3** hluta atkvæða á aðalfundi að staðfesta þær **(sbr. 95. grein sveitarstjórnarlaga)**.

12. grein

1. og 2. málsgrein um úrsögn orðist svo:

Óski aðildarsveitarfélags eftir úrsögn úr byggðasamlaginu, skal fulltrúi þess birta tilkynningu þess efnis á aðalfundi. **Gildir úrsögnin frá næstu áramótum eftir að hún hefur verið tilkynnt. Tekur úrsögnin gildi um áramót að tveimur árum liðunum (sbr. 95. grein sveitarstjórnarlaga).**

13. grein

1. til 3. málsgrein um slit byggðasamlags orðist svo:

Byggðasamlag um Héraðsskjalasafn Austfirðinga skal leggja niður ef:

- a)** Aðildarsveitarfélög sem hafa yfir að ráða **3/4 2/3** gildra atkvæða samþykkja slíka tillögu sem áður hefur verið rædd og samþykkt á aðalfundi **(sbr. 95. grein sveitarstjórnarlaga)**.
- b)** Ef breytingar á lögum gera það nauðsynlegt.

14. grein

Stofnsamningurinn var fyrst samþykktur á stofnfundi byggðasamlagsins 29. apríl 1992. Honum hefur síðar verið breytt vegna sameiningar sveitarfélaga og breytinga á lögum og reglugerðum.

Samningur þessi tekur gildi frá og með **1. desember 2018 dd. mán. 202?**.

Þannig samþykkt á **Borgarfirði eystri 19. nóvember Staður dd.mán. 202? 18,** á aðalfundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs.

Skýringar við breytingartillögur á stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga frá 2018

Almennar breytingar á stofnsamningnum eru gerðar til að einfalda orðalag og gera textann þjálfi í yfirlestri. Úrfellingum er ætlað að stytta textann og sleppa óþarflega nákvæmum skýringum. Efnislegar breytingar og viðbætur eru hins vegar settar inn til að skerpa á merkingu samningstextans. Auk þess er ákvæðum í núgildandi stofnsamningi breytt til samræmis við sveitarstjórnarlög.

Um sammingsaðila

Sammingsaðilar fækka úr sjö í fjóra vegna sameiningar fjögurra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag.

Um 1. grein

Síðasta setning um réttindi, skyldur og tengsl við lög:

Ný reglugerð um héraðsskjalasöfn er væntanleg frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Því er lagt til að vísa almennt til reglugerða sem kunna að verða settar á grundvelli [laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014](#).

Um 2. grein

Með gildandi lögum er auk [laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014](#) einnig átt við [lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018](#) og [stjórnsýslulög nr. 37/1993](#).

Um 3. grein

Vegna 1. málsgrein um skipun stjórnar:

Í 8. tölulið 94. greinar sveitarstjórnarlaga stendur: „Kjör til stjórnar byggðasamlags getur annaðhvort farið fram á aðalfundi byggðasamlags eða á grundvelli tilnefninga sveitarstjórna einstakra aðildarsveitarfélaga.“ Lögfræðingur telur að ekki sé heimilt að velja aðra útfærslu t.d. að stjórnarmenn séu kosnir á aðalfundi annarra samstarfsverkefna sem í núverandi stofnsamningi er Samband íslenskra sveitarfélaga (SSA). Mælir hún því með að við breytum ákvæði um hvernig skuli skipa stjórn. „Það sem þarf að koma skýrt fram er hvort stjórn sé skipuð eða tilnefnd sem og til hvers langs tíma. Lykilmunurinn á kosningu og tilnefningu er að sveitarfélög geta hvenær sem er breytt tilnefningu en eingöngu er hægt að kjósa inn nýja aðila í stjórn á aðalfundi eða aukaaðalfundi. Tilnefning hefur þann kost að sveitarfélag getur hvenær sem er skipt um fulltrúa en ef það er kosið í stjórn þá er ekki hægt að skipta út stjórnarmanni eða kjósa inn nýjan nema á aðalfundi eða aukaaðalfundi.“

Vegna 2. málsgrein um skiptingu stjórnarmanna:

Fjarðabyggð hafi sem áður 1 fulltrúa í aðalstjórn. Nýja sveitarfélagið tilnefni 1 fulltrúa.

Fljótsdalshreppur og Vopnafjarðarhreppur tilnefni 1 fulltrúa saman.

Aftast í þessu skjali eru töflur þar sem upplýsingar um skiptingu stjórnarmanna og atkvæðavægi fulltrúa á aðalfundi árið 2019 eru bornar saman við tillögur um breytingar á 3. grein.

Vegna 4. málsgrein um verkaskiptingu stjórnar:

Breytingar þarfnast ekki skýringa.

Vegna síðustu setningu 3. greinar:

Breytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 4. grein

Vegna 2. málsgrein um fjárhagslegar skuldbindingar:

Breytingar þarfnast ekki skýringa.

Vegna 3. málsgrein um heimildir stjórnar:

Þarna er væntanlega átt við bókanir stjórnarfunda eða ef hluta stjórnar eru falin verkefni á milli funda. Ákvarðanir er því betra orð en samþykktir svo því verði ekki ruglað saman við formlegar starfsreglur stjórnar. Ég tel ekki nauðsynlegt að semja slíkar starfsreglur. Frekar er reynt að koma öllum nauðsynlegum ákvæðum inn í stofnsamninginn sjálfan.

Um 5. grein

Vegna viðbótarákvæðis um fjarfundi:

Heimilt er að halda fjarfundi samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Úr 17. gr. *Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla*: „Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.“

Úr 19. gr. *Fundarstjórn og fundargerðir*: „Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Þar skal einnig setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda skv. 3. mgr. 17. gr.“

Úr 94. gr. *Byggðasamlög*: „Byggðasamlög lúta að öðru leyti ákvæðum laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga og stjórnsýslueftirlit og þeim almennu reglum sem að öðru leyti gilda um störf sveitarfélaga og annarra stjórnvalda.“

Verði þessari setningu bætt við 5. grein þarf forstöðumaður að bera undir stjórnarformann hvort þau mál sem verða á dagskrá stjórnarfundar séu þess eðlis að hægt verði að nota fundarsíma eða annan fjarfundarbúnað. Einnig getur veður, færð og fjarlægð frá fundarstað haft áhrif á hvort fjarfundur verður fyrir valinu. Æskilegt er að hafa a.m.k. tvo staðbundna fundi á hverju starfsári í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar og undirritun ársreiknings.

Um 6. grein

Vegna 1. málsgrein um tímasetningu aðalfundar:

Lögfræðingur ráðleggur okkur að setja ákveðna lokadagsetningu á aðalfundinn en miða sendingu dagskrár og fundargagna við vikufjölda fyrir aðalfund (sbr. einnig tillaga um breytingu á 4. málsgrein). Við ákörðun aðalfundardags er miðað við stofnsamning HAUST (sjá fylgiskjal 2).

Ekki verði heimilt að hafa aðalfund sem fjarfund:

Lögfræðingur er sammála mér um að ekki sé ráðlegt að bjóða uppá aðalfund sem fjarfund. Æskilegt sé að fulltrúar allra aðildarsveitarfélaga mæti á aðalfundinn. Enda er aðalfundur eini vettvangurinn þar sem fulltrúar allra sveitarfélaga geta komið saman. A.m.k. þangað til fleiri sveitarfélög sameinast og þau þurfa ekki lengur að sammælast um sameiginlegan stjórnarmann.

Vegna 4. málsgrein um sendingu dagskrár og fundargagna:

Orðið rekstrarframlag verði notað frekar en framlag eingöngu þar sem sveitarfélög hafa og geta í framtíðinni samið við Héraðsskjalasafnið um viðbótarframlög vegna tiltekinnna sérverkefna svo sem um að safnið taki að sér að skrá skjöl sem verða afhent til safnsins. Skilaskyldir aðilar geta óskað eftir slíkum samningi ef þeir hafa ekki tök á að afhenda skjöl sín skráð og pökkuð til Héraðsskjalasafnsins.

Vegna 7. og 8. málsgreina um skýrslu stjórnar og ársskýrslu forstöðumanns:

Með breytingum á textanum er ætlunin að skerpa á verkaskiptingu milli stjórnarformanns og forstöðumanns. Miðað er við hvernig þetta hefur verið gert á undanförunum aðalfundum. Ársskýrsla hefur verið send með fundargögnum en þar gerir forstöðumaður grein fyrir starfsemi safnsins. Í heftinu eru einnig fundargerðir stjórnar, aðfangaskrá, fjárhagsáætlun og og skipting á rekstrarframlögum sveitarfélaga.

Vegna 9. málsgrein um afgreiðslu mála:

Tekið er fram að greiða þurfi atkvæði um mál undir liðum a) til e). Það er skýrara orðalag en að mál séu afgreidd. Liðum undir 9. málsgrein fjólgar um einn bókstaf. Bætt er við ákvæði um kjörbréf og umboð.

a) verður: Kjörbréf og umboð fulltrúa sveitarfélaga á fundinum.

Samhliða þessari breytingu er nánari ákvæðum um kjörbréf og umboð aðalfundarfulltrúa bætt við 7. grein.

Aðrir liðir færast niður um eitt sæti og f) verður því Önnur mál.

Vegna 11. málsgrein um að einfaldur meirihluti atkvæða nægi við afgreiðslu á málum:

Ákvæði um vægi atkvæða kemur fyrst fram í 6. grein stofnsamningsins. Þessi málsgrein um einfaldan meirihluta nær eingöngu yfir afgreiðslu á málum sem skylt er að hafa á dagskrá aðalfundar (sbr. liður a til e í 6. grein). Þar sem sveitarstjórnarlög kveða á um að aðrar hlutfallsreglur geti gilt til að fá brautargengi er nauðsynlegt að tiltaka í 11. málsgrein að meirihluti atkvæði gildi nema annað sé tekið fram í stofnsamningi. Það getur t.d. átt við um sérmál, eða það sem mætti kalla stærri mál sem eru ekki hluti af hefðbundinni dagskrá aðalfundar. Má þar nefna að 2/3 hluta atkvæða þurfi vegna úrsagnar úr eða slita á byggðasamlagi. (Sjá nánar í 12. og 13. grein í stofnsamningnum).

Vegna 12. málsgreinar í 6. grein um aukaaðalfund:

Frá lögfræðingi: „Þið getið einfaldað ykkur lífið mikið og bara sett inn fjölda sveitarfélaga sem þarf til að fara fram á aðalfund. 1/3 af 4 sveitarfélögum væri þá 2 sveitarfélög. Það þarf hvort sem er alltaf að breyta stofnsamning ef það bætast við eða fjólgar í sveitarfélagahópnum og þá er hægt að breyta þessu.“

Vegna nýrrar málsgreinar um gögn fyrir aukaaðalfund aftast í 6. grein:

Fyrirverandi stjórnarmaður benti mér á að heimild um styttri frest vegna boðunar aukaaðalfundar vantaði í stofnsamninginn.

Um 7. grein

Vegna 2. málsgrein um skipun aðalfundarfulltrúa:

Rétt þótti að orða þessa málsgreina skýrar svo ljóst sé að stjórnarmenn hjá Héraðsskjalasafni má ekki skipa sem aðalfundarfulltrúa.

Vegna málsgreinar um umboð aðalfundarfulltrúa sem er bætt aftan við 3. málsgrein um kjörbréf:

Slíkt ákvæði um forföll og umboð vantaði í samninginn (sbr. nýtt ákvæði undir lið a) í 6. grein).

Vegna þátttöku framkvæmdastjóra sveitarfélaga á aðalfundi:

Fyrirverandi stjórnarmaður benti mér á að setja þessa viðbót við textann til nánari skýringar.

Vegna málsgreinar um ferða- og uppihaldskostnað:

Síðari hluti málsgreinar felldur burt, óþarfi að tiltaka sérstaklega. Enginn kostnaður hefur verið við aðalfundi nema Héraðsskjalasafn leigi fundarsal vegna plássleysis í Safnahúsi eða panti veitingar. Sé aðalfundur haldinn í húsakynnum sveitarfélags hefur gestgjafinn skaffað léttar veitingar.

Um 8. grein

Breytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. grein

Vegna liður c) um hlutfallsskiptingu framlaga:

30% framlag breytist vegna sameiningar sveitarfélaga.

Vegna framlags til Skjala- og myndasafns Norðfjarðar og Bókasafns Halldórs og Önnu:

Orðalag fært til betri vegar.

Um 10. grein

Lögfræðingur ráðlagði okkur að hætta við að breyta viðmiðunardagsetningu um fólksfjölda í 1. janúar.

„Útsvar til sveitarfélaga miðar við lögheimili 1. desember og þess vegna er oft í byggðasamlögum einnig miðað við 1. desember (sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga).“

Um 11. grein

Vegna 2. og 3. málsgrein um breytingar á stofnsamningi:

Breytingar þarfnast ekki skýringa.

Vegna 4. málsgrein um hlutfall atkvæða:

Hlutfalli gildra atkvæða breytt úr 3/4 í 2/3 í samræmi við 95. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um 12. grein

Vegna 1. og 2. málsgreinar um úrsögn:

Gildistíma úrsagnar er breytt í 2 ár í samræmi við 95 gr. sveitarstjórnarlaga.

Meðal annars „vegna mikilvægra samfélagslegra hagsmuna eða vegna mikilvægra hagsmuna annarra aðildarsveitarfélaga sem að byggðasamlagi standa“ eins og kemur fram í 95. gr. *Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags* í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Um 13. grein

Vegna 1. til 3 málsgrein um slit byggðasamlags:

Málsgreinar 1 og 2 fá aðgreiningu í lið a) og b) svo betur sjáist að tvær ástæður geti kallað á slit byggðasamlags. **Hlutfalli gildra atkvæða breytt úr 3/4 í 2/3 í samræmi við 95. gr. sveitarstjórnarlaga.**

Um 14. grein

Æskilegt er að fram komi frá hvaða ári upphaflegur stofnsamningur er og að honum hafi síðar verið breytt. Gildandi stofnsamningur er frá árinu 2018. Hann var staðfestur á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins á Borgarfirði eystri 19. nóvember 2018 og tók gildi 1. desember 2018. Matsatriði er hvort nýr stofnsamningur ætti að taka gildi 1. desember 2020 eða 1. janúar 2021. Einnig væri hægt að miða við þann dag sem nýtt sameinað sveitarfélag mun hefja starfsemi.

Lögfræðingur telur æskilegast að biðja með endanlegar breytingar á stofnsamningnum þar til nýtt sveitarfélag hefur tekið til starfa. Ég tel hins vegar rétt að tillögur okkar verði sem fyrst kynntar fyrir aðildarsveitarfélögunum.

Í fyrsta lagi vegna þess að sum ákvæði í núverandi stofnsamningi eru ekki í samræmi við gildandi sveitarstjórnarlög og þarf því að breyta sem fyrst.

Í öðru lagi vegna þess að undirbúningsstjórn vegna sameiningar sveitarfélaga hefur óskað eftir upplýsingum um til hvaða ráðstafana byggðasamlag um Héraðsskjalasafn Austfirðinga þurfi að grípa vegna sameiningarinnar, til dæmis hvað varðar stofnsamninginn.

Fylgskjal 1

Samanburður á íbúafjölda, atkvæðavægi og skiptingu stjórnarmanna

Drög að nýjum stofnsamningi 2020

Atkvæðavægi aðalfundarfulltrúa miðað við íbúafjölda 1. jan. 2020.

Tillaga um skiptingu stjórnarmanna eftir sameiningu.

	Íbúar	Atkvæði	%	Stjórn
Borgarfjarðarhreppur	122	1	2,8%	
Djúpavogshreppur	501	2	5,6%	
Fljótsdalshérað	3.619	11	30,6%	
Seyðisfjarðarkaupstaður	680	3	8,3%	
NN sveitarfélag alls:	4.922	17	47,2%	1
Fjarðabyggð	5.072	15	41,7%	1
Fljótsdalshreppur	86	1	2,8%	
og				
Vopnafjarðarhreppur	659	3	8,3%	
	745	4	11,1%	1
Alls:	10.739	36	100,0%	3

Tölur um íbúafjölda eru fengnar af vef Hagstofu Íslands.

[Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2020 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2020](#)

Núverandi stofnsamningur Héraðsskjalasafns

Atkvæðavægi aðalfundarfulltrúa miðað við íbúafjölda 1. jan. 2019.

Núverandi skipting stjórnarmanna.

	Íbúar	Atkvæði	%	Stjórn
Borgarfjarðarhreppur	109	1	2,8%	
Fljótsdalshérað	3.600	11	30,6%	
Fljótsdalshreppur	74	1	2,8%	
	3.783	13	36,1%	1
Fjarðabyggð með Breiðdal	5.070	15	41,7%	1
Djúpavogshreppur	472	2	5,6%	
Seyðisfjarðarkaupstaður	685	3	8,3%	
Vopnafjarðarhreppur	660	3	8,3%	
	1.817	8	22,2%	1
Alls:	10.670	36	100,0%	3

Fylgskjal 2

Samanburður við stofnsamninga hjá öðrum byggðasamlögum á Austurlandi

Til samanburðar vegna 6. greinar skoðaði ég stofnsamninga tveggja byggðasamlaga.

Skólaskrifstofa Austurlands

„Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands er æðsta vald stofnunarinnar. Skal hann haldinn fyrri hluta októbermánaðar ár hvert og til hans boðað með auglýsingu með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Endanleg dagskrá aðalfundar skal berast aðildarsveitarfélögum a.m.k. 10 dögum fyrir fundinn.“ (3. gr.).

„Sérhver sveitarstjórn á starfssvæði stofnunarinnar kýs árlega einn fulltrúa og annan til vara á aðalfund [...] Stjórn byggðasamlagsins eru skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna“ (5. gr.).

„Í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund skal stjórn [...] senda aðildarsveitarfélögum sundurliðaðan endurskoðaðan ársreikning [...] ásamt fjárhags- og rekstraráætlun næsta árs.“ (7 gr.)

(Sjá: [Samningur um Skólaskrifstofu Austurlands](#) frá árinu 2015).

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

„Til að vinna að verkefnum þeim, sem lög og reglugerðir kveða á um eða aðildarsveitarfélögin kjósa að unnið skuli að á vettvangi HAUST, skulu á fyrsta aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar, kosnir fimm fulltrúar í heilbrigðisnefnd og jafnmargir til vara.“ (5. gr.).

„Aðalfundur HAUST skal haldinn eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Skal miða við það að dreifa staðsetningu aðalfundanna um starfssvæðið. Til aðalfundar boðar stjórn eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag. Eigi síðar en 1. nóv. og a.m.k. einni viku fyrir aðalfund skal öllum aðildarsveitarfélögum hafa verið send dagskrá hans, ársreikningar fyrir næstliðið starfsár og fjárhagsáætlun þar sem fram kemur áætlað framlag hvers og eins aðildarsveitarfélags“. (8. gr.).

(Sjá [Stofnsamningur HAUST](#) frá árinu 2018).